

BLÓÐRANNSÓKNIR Á MEÐGÖNGU

Lífeðlisfræðilegar breytingar á viðmiðunargildum

Við túlkun niðurstaðna blóðrannsóknna þarf að taka tillit til þungunar og sumar rannsóknir eru næsta gagnslausar á meðgöngu vegna breytinganna sem verða. Breytingarnar gerast snemma á meðgöngu (fyrstu vikunum). Í fæstum tilvikum gefa rannsóknarstofur upp sérstök viðmiðunargildi fyrir þungaðar konur.

BLÓÐSTATUS:

- Hb lækkar vegna aukningar á plasmarúmmáli (sjá Fróðleiksmola um blóðhag og blóðleysi). Hvítum blóðkornum (neutrofílum) fjölgar talsvert. Eru oft á bilinu 10-13 x10E9/L.
- MCV hækkar lítillega eða helst óbreytt.
- MCH helst óbreytt.
- MCHC helst óbreytt.

KLÍNÍSK LÍFEFNAFRÆÐI:

- B12 lækkar verulega, þarf ekki að mæla nema á mjög ákveðinni ábendingu (sjá Fróðleiksmola um blóðhag og blóðleysi).
- Járnbindigeta hækkar mikið.
- Kreatínín lækkar mikið. Gildi yfir 80 $\mu\text{mol/L}$ er vísbending um skerta nýrnastarfsemi.
- Gaukulsíunarhraði eykst mikið.
- Na⁺ og K⁺ lækka aðeins, mega vera í neðri mörkum en ekki mikið undir.
- D-dimer hækkar mikið, oft á bilinu 1-2 $\mu\text{g/mL}$, hækkar með meðgöngulengd.
- Fibrinogen hækkar mikið.
- Sökk hækkar mikið, helst ekki mælt.
- CRP helst óbreytt
- ALP hækkar mikið vegna framleiðslu í fylgju og er alla jafna ekki mældur en önnur lifrarpróf breytast lítið.